



Dalabyggð
Grundarfjarðarbær
Reykholahreppur
Snæfellsbær
Stykkishólmsbær
Vesturbyggð

Dagsetning 12.6.2025
Málsnúmer URN25040066

Breiðafjarðarnefnd hefur það hlutverk að vera umhverfis-, orku og loftslagsráðherra til ráðgjafar um það sem lýtur að framkvæmd laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna sameiginlega fjóra fulltrúa, Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn fulltrúa sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti.

Skipan núverandi nefndar rennur út 4. ágúst nk. Er þess hér með óskað að sveitarfélögin sem liggja að Breiðafirði tilnefni sameiginlega átta fulltrúa til setu í Breiðafjarðarnefnd og mun ráðherra skipa fjóra sem aðalfulltrúa og fjóra sem varafulltrúa.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Óskast tilnefningar sendar á netfangið urn@urn.is ásamt kennitölu, starfstitli og netfangi viðkomandi fyrir 1. júlí nk.

Fyrir hönd ráðherra

Björn Helgi Barkarson